

5. Skattstjóri áætla á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar á barnabótum árið 1981. Skattstjóri tilkynnir umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir skal senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tölulið hér að framan og að umsækjandi (eða maki hans ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.
6. Stefnt er að því að útborgun barnabóta hefjist í apríl 1981.
7. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1981 verður fyrirframgreidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

*Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1981.*

**F. h. r.**  
**Höskuldur Jónsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 425 11. ágúst 1980, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1980 og vetrarvertíð 1981, sbr. reglugerð nr. 593/1980.

### 1. gr.

Auk þess magns loðnu, sem heimilt er að veiða samkvæmt reglugerð nr. 425 11. ágúst 1980, sbr. reglugerð nr. 593/1980, skal eftirtöldum skipum heimilt eftir 1. mars 1981, að veiða eftirgreint magn af loðnu til frystingar og hrognatöku.

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskr. nr.:	Leyfilegt aflamagn:
Ársæll KE 17 .....	0965	1 900
Bergur VE 44 .....	0968	1 940
Bjarni Ólafsson AK 70 .....	1504	2 360
Börkur NK 122 .....	1293	2 360
Dagfari ÞH 70 .....	1037	1 960
Eldborg HF 13 .....	1525	2 660
Fífill GK 54 .....	1048	2 010
Gígja RE 340 .....	1011	2 090
Gísli Árni RE 375 .....	1002	2 010
Grindvíkingur GK 606 .....	1512	2 300
Guðmundur RE 29 .....	1272	2 210
Gullberg VE 292 .....	1401	2 010
Hafrún ÍS 400 .....	1050	2 030
Hilmir II SU 177 .....	1044	1 980
Huginn VE 55 .....	1411	2 010
Jón Kjartansson SU 111 .....	0155	2 330
Júpiter RE 161 .....	0130	2 470
Ljósafari RE 102 .....	0973	1 980
Magnús NK 72 .....	1031	1 960

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskr. nr.:	Leyfilegt aflamagn:
Óli Óskars RE 175 .....	0226	2 500
Seley SU 10 .....	1361	1 890
Sigurður RE 4 .....	0183	2 540
Súlan EA 300 .....	1060	2 140
Svanur RE 45 .....	1029	2 060
Sæberg SU 9 .....	0252	2 000
Víkingur AK 100 .....	0220	2 490
Þórður Jónasson EA 350 .....	0264	1 940
Þórshamar GK 75 .....	1501	2 000

**2. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar er skipum þeim, sem upp eru talin í 1. gr. heimilt á tímabilinu 1.—15. mars 1981, að veiða án takmarkana á svæði vestan 22°24' v.lgd.

**3. gr.**

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt 1. gr. verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

**4. gr.**

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 425 11. ágúst 1980, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1980 og vetrarvertíð 1981.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. febrúar 1981.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Þórður Eyþórsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1981:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1 .....	2 900,00
Millifiskur nr. 1 .....	2 700,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	2 300,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	2 200,00

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.